

REGLUGERÐ

86

6. júlí

um breyting á reglugerð nr. 74 7. des. 1923, um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

1. gr.

Í stað „75 krónur“ í 3. tölulið 2. gr. komi: 500 krónur.

2. gr.

Í stað „Tuttugu króna“ í 5. tölulið 3. gr. komi: Hundrað króna.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

87

11. júlí

um, að létt sé banni við fýlungatekju og hagnýtingu fýlunga.

Felld er úr gildi auglýsing nr. 106 30. maí 1940, um bann við fýlungatekju og hagnýtingu fýlunga.

Jafnframt er vakin athygli á leiðbeiningum, er landlæknir hefur gefið út, um varnir gegn sýkingu af fýlasótt.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 11. júlí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

88

10. júlí

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24. júlí 1940.

29. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Eftir tillögum hreppsnefndar eða hreppsnefnda ákveður sýslunefnd hvar aðalrétt og aukarétt skuli vera. Séu hreppsnefndir eigi sammála, sker sýslunefnd úr.

Sömuleiðis ákveður sýslunefnd undir hvaða aðalrétt hver aukarétt heyrir og enn fremur hverja afrétt og heimalönd ganga skal til hvernar réttar og ráða sýslmörk, nema öðruvísi sé ákveðið.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 frá 31. maí